

AUGLÝSING

um þingsætatalu kjördæma við kosningar til Alþingis.

Þingsætatala kjördæma samkvæmt a- og b- lið 1. málsg. 5. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 52 14. ágúst 1959, sbr. 6. gr. laga nr. 66 1. júní 1984, skal vera sem hér segir við næstu almennar kosningar til Alþingis:

Reykjavíkurborgkjördæmi	18 þingsæti
Reykjaneskjördæmi	11 þingsæti
Vesturlandskjördæmi	5 þingsæti
Vestfjarðakjördæmi	5 þingsæti
Norðurlandskjördæmi vestra	5 þingsæti
Norðurlandskjördæmi eystra	7 þingsæti
Austurlandskjördæmi	5 þingsæti
Suðurlandskjördæmi	6 þingsæti

Þetta auglýsist hér með samkvæmt 2. málsg. 5. gr. laga um kosningar til Alþingis.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 11. desember 1984.

Jón Helgason.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUGERÐ

um gjöld fyrir skoðun, skráningu og mælingu skipa o. fl.

1. gr.

Aðalskoðun

Fyrir árlega aðalskoðun á öryggisbúnaði, vél og bol skips skal eigandi þess greiða í ríkissjóð sem hér segir:

	Kr.
Fyrir skip allt að 8 metrum mestu lengd	1 000
Fyrir skip minni en 25 brl. og báta 8 metrar og lengri	1 800
Fyrir skip 25 brl. til 100 brl.	2 700
Fyrir skip 101 brl. til 250 brl.	3 600
Fyrir skip 251 brl. til 500 brl.	4 900
Fyrir skip 501 brl. til 1.600 brl.	8 000
Fyrir skip 1.601 brl. og stærri	9 500

Hálf rúmlest telst heil, en minna broti skal sleppt.

Fyrir skoðun skipa sem eru í flokki hjá viðurkenndu flokkunarfélagi skal greitt hálf gjald fyrir árlega aðalskoðun skv. þessari grein.

2. gr.

Aukaskoðun

Fyrir aukaskoðun, hvort heldur hún fer fram að tilhlutan skipstjóra, skipseiganda eða siglingamálastjóra skal greiða skv. reikningi hans fyrir útlögðum kostnaði.

Siglingamálastofnun ríkisins er heimilt að leggja 30% á kostnaðinn að undanskildum ferðakostnaði.